

**442. fundur velferðarnefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 31. október 2019**  
**og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**

Tinna Hrund Hlynsdóttir formaður, Þórir Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Gunnhildur Björk Elíasdóttir, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður og Bragi Rúnar Axelsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Alberta G Guðbjartsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

**Fundargerð ritaði:** Alberta G. Guðbjartsdóttir, .

**Dagskrá:**

**1. Birting fylgiskjala fundargerða á vef Ísafjarðarbæjar - verklagsreglur 2018 - 2018100068**

Hjördís Þráinsdóttir, persónuverndarfulltrúi, mætir til fundar til að ræða birtingu fylgiskjala með fundargerðum.

*Velferðarnefnd þakkar fyrir kynninguna.*

**2. Trúnaðarmál - velferðarnefnd - 2011090094**

Eitt trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar.

*Trúnaðarmál afgreitt og fært til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.*

**3. Fjárhagsáætlun 2020 - Gjaldskrá fyrir velferðarsvið - 2019030031**

Rætt um gjaldskrá á velferðarsviði fyrir árið 2020.

*Velferðarnefnd felur starfsmönnum að vinna áfram að mótun gjaldskrár í samræmi við umræður á fundinum.*

**4. Reglur um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 2020 - 2017110061**

Rætt um endurskoðun á tekjumörkum í reglum Ísafjarðarbæjar um afslætti af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega fyrir árið 2020.

*Velferðarnefndin leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að breytt tekjumörk miðist við vísitölu neysluverðs, 3,2%.*

**5. Fjölsmiðja - Þjónustusamningur - 2014090066**

Kynnt nýting á úrræði Fjölsmiðju á grundvelli þjónustusamnings Vesturafls við Ísafjarðarbæ.

*Velferðarnefnd felur starfsmönnum að leggja fram tillögu að breytingum á þjónustusamningnum í ljósi umræðna á fundinum.*

**6. AA samtökin Ísafirði - 2019030080**

Rætt um stuðning við AA samtökin á Ísafirði fyrir árið 2020.

*Velferðarnefnd felur starfsmönnum að gera ráð fyrir styrk fyrir AA samtökin á Ísafirði við fjárhagsáætlunargerð 2020.*

**7. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030**

Lagður er fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. nefndasviðs Alþingis, dags. 11. október sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um orlofshúsnaði örorkulífeyrisþega, 35. mál. Umsagnarfrestur er til 1. nóvember n.k.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1078. fundi sínum 14. október sl., og vísaði því til umsagnar í velferðarnefnd.

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030**

Lagður er fram tölvupóstur Hildar Edwald, f.h. nefndasviðs Alþingis, dags. 11. október sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 41. mál. Umsagnarfrestur er til 1. nóvember n.k.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1078. fundi sínum 14. október sl., og vísaði því til umsagnar í velferðarnefnd og öldungaráði.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030**

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 11. október sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 116. mál. Umsagnarfrestur er til 1. nóvember nk.

Á 1079. fundi bæjarráðs. 21. október sl., var þingsályktunartillögunni vísað til umsagnar í velferðarnefnd.

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030**

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 26. september sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara, 22. mál. Umsagnarfrestur er til 17. október nk.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1076. fundi sínum 30. september sl., og vísaði því til umsagnar í velferðarnefnd.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30**

---

Tinna Hrund Hlynsdóttir

---

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

---

Hulda María Guðjónsdóttir

---

Bragi Rúnar Axelsson

---

Margrét Geirsdóttir

---

Alberta G Guðbjartsdóttir